

Haldinn á Teams kl. 17.00

Mættir á fund voru:

Anna Katarzyna Wozniczka – f.h Grímsnes- og Grafningshrepp

Kamil Lewandowski- f.h Bláskógabyggðar

Nina Faryna – f.h Hrunamannahrepp

Sara Herczeg- f.h Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Nichole Leigh Mosty, Gunnar Gunnarsson, Guðrún Ása Kristleifsdóttir og Lína Björg Tryggvadóttir sem ritaði fundargerð.

- 1. Kynning á verkefninu** - Byggðapróunarfulltrúi kynnti verkefnið og óskaði eftir að vinnuhópur vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa myndi koma að fundunum sem verða haldnir í öllum sveitarfélögum í kjölfar verkefnisins. Áætlað er að halda 3- 4 fundi í sveitarfélögum til að ná til nýrra íbúa og íbúa með erlendan bakgrunn. Þarf að skoða það hve margir fundir eru raunhæfir miðað við það fjármagn sem er til. Búið er að fá Nichole Leigh til að leiða þá aðferðafræði sem á að nota í verkefninu og mun hún koma á einn fund og svo vinna með Byggðarpróunarfulltrúa í skýrslugerð. Áætlað er að þetta sé verkefni sem muni svo vaxa og halda áfram næstu árin.
- 2. Kynning á verkefnastjóra** - Nichole Leigh kynnti sig en hún gegndi stöðu forstöðumanns Fjölmenningsseturs frá 2021-2023. Sagði hún frá þeirri aðferðafræði sem hún telur að ætti að vera innleidd inn í verkefnið. Hún benti á að ekki væri hægt að bútauma innflytjendur inn í kerfi eða verkefni sem eru þegar til. Hún lagði áherslu á að valdefla fólk á réttan hátt. Ekki vinna ofan frá og áætla að fólki vanti eitthvað án þess að spyrja. T.d. þarf að athuga þarf í raun að valdefla erlenda íbúa? Kannski vilja þau það ekki. Þess vegna þarf að skoða vel hverju á verkefnið á í raun að ná fram og hver þörfin raunverulega er.
- 3. Gagnasöfnun** - Það er nauðsynlegt að skoða hvernig gagnaöflunin á að fara fram og hvaða gögnum á að safna. Einnig þarf að huga að því hvernig samtölin eiga að fara fram. Spurningar sem þarf að spyrja - hvað þýðir t.d. inngilding – jafnrétti og að tilheyra samfélagi og er það grunnurinn sem við viljum hafa í verkefninu?

Ákveðið að byrja verkefnið með rafrænni könnun sem verður annað hvort send til erlendra íbúa eða sett á netið. Næsta verkefni er að greina hvaða spurningar þarf að fá svör við. Ákveðið að halda fund í þessari viku með Nichole, Gunnari, Ásu og Línu varðandi það mál og mun Lína senda fundarboð.

4. Íbúafundir í sveitarfélögunum - Ákveðið að fundirnir munu byrja þannig að sett verði fram framtíðarsýn sem segir að samfélagið sé orðið fyrirmyndarsamfélag varðandi Fjölmenningu- spurningin sem þarf að spyrja hvað er fyrirmyndarsamfélag og hvernig komumst við þangað og hver eru næstu skref og verkefni sem þarf að fara í. Svót greiningin sé gerð með þeim sem eru að veita þjónustuna – hvað er í boði.

Verkefni -

- Niðurstöðufundurinn – vinna úr SVÓT
- Stefnugerð – Gera fyrirbyggjandi aðgerðir og svo gera uppbyggingandi aðgerðir.
- Næstu skref - Gera uppkast að tímalínu og fjölda funda – og hvað viljum við ná fram.
- Setja plaggöt með QR kóða – taka þátt í könnun.
- Hvenær á að senda út spurningarlista og hvernig?
- Hvað viljum við fá út úr þessu – hvaða spurninga á að spyrja – Heilsueflandi – Virkni

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30